

149. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn fimmtudaginn 05.06. 2025, kl. 18.00 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Heiðar Magnússon,
Bárður Guðmundsson,
Oddur Orri Brynjarsson,
Ægir Ægisson,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 10.01. 2025, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 148. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf frá Vegagerðinni dags. 03.04. 2025, varðandi útboðið, Hvammstangi, Patreksfjörður og Rif – viðhaldsdýpkun 2025. Auglýst var eftir tilboðum í verkið þann 17.03. 2025 og var þetta sameiginlegt útboð fyrrnefndra hafna. Tilboð var opnað þann 02.04. 2025. Eftirfarandi tilboð barst.

➤ Björgun h.f.	kr. 65.984.000.-	127.5%
➤ Kostnaðaráætlun verkkaupa	kr. 52.296.000.-	100.0%

Hlutur Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar í tilboðinu vegna dýpkunar í innsiglingunni til Rifshafnar er kr. 27.960.000.- Fram kemur í bréfinu að tilboðið hafi verið yfirfarið og leggur Vegagerðin til að gengið verði til samninga við bjóðanda, Björgun h.f. Samþykkt samhljóða að fela hafnarstjóra að undirrita verksamning við Björgun h.f. að upphæð kr. 27.960.000.-

3. Bréf frá Vegagerðinni dags. 22.05. 2025, varðandi útboðið, Ólafsvík – Norðurbakki lenging 2025. Auglýst var eftir tilboðum í verkið þann 05.05. 2025 og voru tilboð opnuð þann 20.05. 2025. Eftirfarandi tilboð bárust.

➤ Borgarverk ehf.	kr. 487.119.329.-	143.6%
➤ Sjótekni ehf.	kr. 474.589.000.-	139.9%
➤ Hagtak h.f.	kr. 455.422.619.-	134.3%
➤ Hagtak h.f. frávikstilboð	kr. 434.221.000.-	128.0%
➤ Kostnaðaráætlun verkkaupa	kr. 339.126.000.-	100.0%

Fram kemur í bréfinu að tilboðin hafi verið yfirfarin og leggur Vegagerðin til að öllum tilboðum verði hafnað og gengið verði til samninga við lægstbjóðanda, Hagtak h.f. á grundvelli frávikstilboðs félagsins að upphæð kr. 434.221.000.- Samþykkt samhljóða að hafna öllum tilboðum og fela hafnarstjóra að hefja viðræður ásamt Vegagerðinni við Hagtak h.f.

4. Tölvupóstur frá umhverfis og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar dags. 22.04. 2025, varðandi umsókn Valafells ehf. um breytingar á lóð félagsins við Snoppuveg 4, í Ólafsvík. Óskað er eftir stækkun lóðar til norð vesturs og austurs. Hafnarstjóri fór yfir málið og þá möguleika sem eru í stöðunni. Hafnarstjórn tekur jákvætt í að breyta lóð félagsins til norð vesturs og felur hafnarstjóra og formanni hafnarstjórnar að ræða við viðkomandi aðila. Varðandi stækkun lóðar til austurs fellst hafnarstjórn ekki á að stækka lóðina, þar sem þarna er aðal skólpútrás fyrir Ólafsvík. Á þessari lóð þarf að gera ráð fyrir að Snæfellsbær geti byggt skólphreinsistöð í framtíðinni og verður

deiliskipulagi hafnarsvæðis Ólafsvíkurhafnar breytt til samræmis við það. Samþykkt samhljóða.

5. Umsögn hafnarstjóra vegna draga að reglugerð um 13. breytingu á reglugerð nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávar afla. Hafnarstjóri fór yfir helstu atriði málsins. Lagt fram til kynningar.
6. Ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2024. Lagt fram til kynningar.
7. Ársreikningur Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar fyrir árið 2024. Hafnarstjóri kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu liði hans. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.00

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Heiðar Magnússon,
Bárður Guðmundsson,
Ægir Ægisson,
Oddur Orri Brynjarsson,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.